
Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

8. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn föstudaginn 5. Febrúar 2016

kl. 08:15 í fundarsal slökkviliðsins að Hringbraut 125 .

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson , Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

Mál:

1. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
 - Jón skýrir fyrir stjórn breytt vinnulag slökkviliðsstjóranna, þar sem þeir vinna með sitthvorum tveimur vöktum. Síðan er vinna í gangi við að tengja nýju skrifstofuaðstöðu eldvarnaeftirlits við slökkvistöð. Búið er að setja á fasta fundartíma með varðstjórum og síðan verða mánaðarlegir fundir með dagvinnumönnum. Búið er að fá tilboð frá MSS í námskeið fyrir stjórnendur, er hugmyndin að senda varðstjóra og aðstoðarvarðstjóra á það. Síðan er fundur með sjúkratryggingum Íslands í dag, og mun Jóhann stjórnarmaður fara með slökkviliðsstjórum á fundinn.
 - Friðjón vísar af fundi vegna annara verkefna og felur Jóhanni fundarstjórn.
2. Akstursgreiðslur vegna 2014/2015. Búið er að ganga frá samkomulagi. Í framhaldi verður gengið frá samkomulagi við alla aðra starfsmenn. Rætt um þá möguleika sem eru í stöðunni.
 - Stjórn felur slökkviliðsstjóra að ganga frá samkomulagi við alla starfsmenn samkvæmt þessu og skoða svo með framhaldið og koma með tillögur þar að lútandi.
3. Lífeyrisgreiðslur.
 - Búið er að senda á sveitarfélögin þær breytingar sem urðu við stofnun BS bs. og ganga frá þeim málum.
4. Húsnaðismál.
 - Húsnaðismál rædd.
5. Önnur mál.
 - Jón skýrir út fjármagnsliði frá síðasta ári og væntanlega rekstrarniðurstöður 2015. Einnig fer hann yfir stöðuna á reikningum BS.

Fundi slitið kl. 09:20

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.
